

Fundur foreldrafélags Stóru-Vogaskóla

Vogum 12.janúar 2009

Mætt: Siggí, Vala, Maggi, Jóngeir og Sigga

Um áramótin var búið að greiða 48 seðla = samtals 58 þús.kr.

Ógreiddir seðlar 115 = samtals 154 þús.kr.

Nemendur skólans eru 212 skv. síðustu upplýsingum.

Fyrirhuguð leikhúsferð (Kardemommubærinn-Þjóðleikhúsið)

með yngsta-og miðstig verður farin sunnudaginn 15.mars 2009 kl.14.

Foreldrafélagið greiðir miðann (2000 kr) niður um 500 kr.

Sendur verður töskupóstur og einnig póstur á Mentor, með upplýsingum um leikhúsferðina.

Jólafondrið tókst vel í alla staði, góð mæting barna og foreldra/forráðamanna/ættingja.

Aðeins komið inn á væntanlega Vorhátíð foreldrafélagsins, stefnum á að halda hátíðina fimmtudaginn 4.júní nk. hugmyndir um að vera með skemmtiatriði, athuga með fjórhjól, hesta, kajaka eins og í fyrra, veltibíllinn og að lögreglan komi í heimsókn t.d. að fara yfir reiðhjól nemenda.

Sigga hitti Önnu Sólrúnu sem heldur utan um nemendaráðið, kom því á framfærið við hana að for.félagið kæmi til með að styrkja (500 kr) leikhúsferð hjá unglíngastiginu.

Ræddum um skólamyndirnar, misjafnar skoðanir á þeim myndum sem hanga á göngum skólans. Of mikið að teknar séu myndir á hverju ári, hugmynd varpað fram að taka myndir af 1. 5. og 10.bekk. Vala sendir póst á skólastjórnendur um að hittast og ræða málin.